

Alþingi
Erindi nr. P 138/4
komudagur 6.10.2009

Yfirlýsing stjórnar Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra
Fylgir minnisblaði menntamálaráðherra til ríkisstjórnar 7. apríl 2009

Þegar Ríkisútvarpið ohf. var stofnað 1. apríl 2007 var eigið fé þess 879 milljónir króna, en skuldir voru 4.979 milljónir króna. Eigið fé félagsins hefur rýrnað og var svo komið um síðustu áramót að eigið fé þess var orðið neikvætt um 361 milljón króna.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra hafa komið sér saman um eftirfarandi aðgerðir til að bæta fjárhagsstöðu og rekstrargrundvöll Ríkisútvarpsins ohf. til næstu ára.


1. Menntamálaráðherra leggur til í ríkisstjórn að skuld við ríkissjóð að upphæð 562.801.384 króna í stofnefnahagsreikningi félagsins verði breytt í hlutafé. Menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti leiði breytinguna til lykta fyrir apríllok.
2. Aðilar eru sammála um að endurskoða samning Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðherra um útvarpsþjónustu í almannabágu frá 23. mars 2007. Við endurskoðunina verði skerpt á skilgreiningu og hlutverki almannþjónustuútvarps auk þess sem eftirlit með starfsemi og almannþjónustu Ríkisútvarpsins verði aukið í samræmi við 30. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og reglugerð nr. 343/2006 um samninga um rekstrarverkefni sem ráðuneyti og ríkisstofnanir gera til lengri tíma en eins árs. Einnig verði gerðar breytingar á fjárreiðu- og eftirlitsákvæðum í þjónustusamningi.
3. Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. mun endurskoða áætlanir um rekstur félagsins og gera ráðstafanir með það að markmiði að ná jafnvægi í rekstri á árunum 2009 og 2010. Þá verði leitast við að hagræðingaraðgerðir leiði ekki til frekari uppsagna starfsmanna.
4. Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. hyggst endurskoða launauppbyggingu innan félagsins.
5. Lögð verði fram tillaga um breytingu á samþykktum félagsins á hluthafafundi með það að markmiði að auka faglega stefnumótun á sviði almannþjónustuútvarps, fjölmiðlunar, menningarmála og skyldra atriða.

Reykjavík, 8. apríl 2009

ftv. stjórnar RÚV

Granhildur Kaaber

Katrín Jónsdóttir



Svanhildur Kaaber og
Páll Magnússon
Óktóber 2009

RÚV

Áætlun rekstrarniðurstaða fyrir rekstrarárið

1. september 2008 til 31. ágúst 2009 (tölur í m.kr.)

Þjónustutekjur	3.407		
Auglýsingar og kostun	1.246		
Aðrar tekjur	170		
Rekstartekjur alls	4.823		
Innlend dagskrá Sjónvarps	801	Sölu- og markaðskostnaður	234
Erlend dagskrá Sjónvarps	306	Húsnæði og rekstur	271
Rás 1	308	Fjármál, starfsmannahald og stjómun	245
Rás 2	110	Rekstrargjöld alls	4.001
Fréttastofa og vefur	751		
Svæðisstöðvar	95	Hagnaður fyrir afskrifir og fjármagnsilíði	822
Íþróttadeild	178		
Höfunda- og flutnings-réttindagreiðslur	147	Afskrifir	-259
Safna- og kynningarkostnaður	157	Fjármagnsilíðir	-857
Tækni- og dreifikostnaður	396	Hagnaður/þap	-284
Samtals dagskrárkostnaður	3.251		

RÚV

Brugðist við tekjutapi og hruni hagkerfisins í nóvember 2008

Gripið var til viðamikilla aðgerða til að draga úr kostnaði. Þær fólust m.a. í eftirfarandi:

- Stöðugildum var fækkað um 20, dregið úr yfirvinnu og verkefnaráðnum fækkað mikið.
- Dregið úr kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum hérlendis.
- Vinnuframlag starfsmanna aukið með því að draga ekki úr þjónustu í samræmi við fækkan starfsmanna og verkataka og minni útvistun verkefna.
- Laun starfsmanna með meira en 300 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði voru lækkuð. Lækkunin var stíghækkandi frá 6% hjá þeim lægstlaunuðustu upp í 15% hjá þeim launahæstu.
- Skipulagsbr., m.a. voru fréttastofur hjóð- og sjónvarps sameinaðar ásamt íþróttadeild.
- Dregið úr íþróttumfjöllun.
- Dregið úr frumsýndu erlendu efni um næri fjórðung.
- Dregið úr kaupum frá íslenskum tónlistarmönnum og kvikmyndagerðarmönnum.
- Fjárfestingum slegið á frest.
- Ferðir starfsmanna til útlanda nánast skornar af.

Árlegur sparnaður af ofangreindu er um 700 m.kr. eða 18% af árlegum rekstrarkostnaði. Aðgerðirnar voru allar komnar til framkvæmda um síðastliðin áramót 2008/9. Áhrifin voru að fullu komin fram í vor og hafði þá tekist að snúa tapi í hagnað.

RÚV

Áætlaðar tekjur RÚV almanaksárið 2010

Tekjur af almannaþjónustu lækka samkvæmt fjárlagafrumvarpinu um 10%.

Milli árunna 2008 og 2009 varð mikill samdráttur í tekjum af auglýsingum og kostun og gert er ráð fyrir áframhaldandi samdrætti árið 2010.

Tekjur í m.kr.	2009	2010	Mism. í m.kr. og %
Þjónustutekjur	3.575	3.218	- 357 - 10%
Augl. og kostun	1.145	1.086	- 49 - 4%
Samtals	4.720	4.314	- 406 - 9%

Milli árunna 2008 og 2009 lækkuðu tekjur af auglýsingum og kostun um 268 m.kr. þannig að milli árunna 2008 og 2010 er gert ráð fyrir 317 m.kr. tekjufalli í auglýsingum og kostun, eða 23%. Viðbrögð við neikvæðum tekjuhorfum:

Ekki verður lengra gengið en orðið er í almennum niðurskurði. Næstu skref eru því að afleggja títekna þætti í þjónustu og dagskrárframboði – og fækka starfsfólki enn frekar.

Meðal þeirra ráðstafana sem koma til álita eru að:

- Leggja niður svæðisstöðvarnar og hætta svæðisbundnum útsendingum.
- Hætta kaupum á sjóningarrétti á leiknum íslenskum bíómyndum.
- Afleggja framleiðslu og kaup á leiknu íslensku sjónvarps efni og heimildarmyndum.
- Afleggja seinni fréttatíma sjónvarpsins og fækka fréttatímum í útvarpi.

357 millj. kr. jafngilda um 50-60 stöðugildum.

RÚV